

Áhættumat – 29. janúar 2025

Samkvæmt c. lið 3. gr. laga nr. 40/2024 um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ er eitt verkefna nefndarinnar; gerð áhættumats fyrir þéttbýli í Grindavíkurbæ í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Áhættumat þetta snýr fyrst og fremst að þéttbýli Grindavíkur í samræmi við áður tilgreint ákvæði laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavík en önnur svæði eru einnig nefnd.

Við áhættumatið er litið til áhættumats sem unnið er af verkfræðistofunni Örug, dags. 29. janúar 2025, sem byggir m.a. á hættumati Veðurstofu Íslands frá 28. janúar 2025, stöðu innviða og þeirra varna sem eru til staðar. Þar með talið eru framkvæmdir við innviði til að auka öryggi í bænum. Jafnframt er tekið mið af tilkynningu lögreglustjórans á Suðurnesjum frá 28. janúar sl.

Þar sem landris er hafið á ný á Svartsengissvæðinu eru slauknar líkur á kvikuhlaupi og jafnvel eldgosi í febrúar, á meðan kvika heldur áfram að safnast saman undir Svartsengi. Uppfært hættumat Veðurstofu frá 28. jan. gildir að óbreyttu til 11. febrúar.

Forsendur

Örug verkfræðistofa metur í áhættumati frá 29. janúar að áhætta á þéttbýlissvæði Grindavíkur sé **há** fyrir alla aðila. Hættumat Veðurstofu frá 28. janúar varðandi Grindavík (svæði 4) er með töluverða hættu, þar sem töluverð hættu er vegna jarðfalls ofan í sprungur, sprunguhreyfinga, hraunflæðis og gasmengunar. Rétt er að taka fram að svæði 4 samkvæmt svæðisskiptingu Veðurstofunnar nær nokkuð út fyrir þéttbýli Grindavíkur, sér í lagi til austurs. Því er innan þess svæðis talsvert landsvæði sem hefur ekki verið áhættumetið á sama hátt og þéttbýlið.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum áréttar í tilkynningu frá 28. janúar að „**lbúar og starfsmenn fyrirtækja dvelja inn á hættusvæði á eigin ábyrgð. Hver og einn verður að bera ábyrgð á eigin athöfnum eða athafnaleysi. Það sama gildir um ferðamenn. Hættur eru nú taldar töluverðar af áhrifum eldgoss í Grindavík. Vont veður og slæm færð dregur úr öryggi fólks inn á hættusvæðum jafnframt því að hafa áhrif á vöktunargetu Veðurstofu Íslands.**“

Mótvægisáðgerðir

Unnið er að viðgerðum á innviðum innan þéttbýlis Grindavíkur í samræmi við aðgerðaráætlun þar að lútandi sem staðfest var af innviðaráðherra í júlí sl. Jarðkönnun hefur verið framkvæmd, hættuleg svæði verið girt af og unnið að viðgerðum og álagsprófunum á götum og opnum svæðum sem sprungur og aflaganir gatna ná inn á. Jafnframt er nokkuð stöðugt eftirlit, m.a. af hálfu slökkviliðs, lögreglu, Grindavíkurbæjar og annarra viðbragðsaðila, til þess að tryggja að girðingar séu traustar og reynt að koma í veg fyrir óviðkomandi umferð á svæðum þar sem hættu er til staðar innan bæjarins. Jafnframt er unnið að styrkingu varnargarða norðan við Grindavíkurbæ. Ástæða er til að vekja athygli á að veðuraðstæður hafa áhrif á áhættumat og nauðsynlegt er að viðbragðs- og eftirlitsaðilar geri viðeigandi ráðstafanir til að vöktun og viðbragð sé með fullnægjandi hætti og flóttaleiðir tryggðar.

Niðurstöður

Á grundvelli áhættumats verkfræðistofunnar, sem m.a. tekur tillit til hættumats Veðurstofunnar og þeirra varna sem eru til staðar og unnið er sífellt að, er það niðurstaða Framkvæmdanefndarinnar og Almannavarnadeildar að áhætta allra aðila sé **há**, sem þýðir að varnir gegn hættum séu til staðar en talsverð óvissa. Því er fólki ráðið frá því að vera á ferðinni í Grindavík að nauðsynjalausu.

Áhættumat verkfræðistofunnar Örug er unnið fyrir þrjú svæði, þ.e. 1) gossvæði/sprengisvæði, 2) Svartsengi og 3) Grindavík (þéttbýli). Matið er unnið fyrir fjóra hópa, þ.e. 1) viðbragðsaðila, ráðgjafa og verktaka, 2) íbúa, 3) fyrirtæki og 4) ytri aðila og ferðamenn.

Í Grindavík er áhætta **há** fyrir alla hópa, bæði að nóttu sem degi. Á Svartsengissvæðinu er áhætta talin **há**, bæði að nóttu sem degi. Á gos-/sprengisvæði er áhættan hins vegar **óásættanleg** fyrir viðbragðsaðila, ráðgjafa og verktaka, ytri aðila og ferðafólk. Mælt er gegn því að óviðkomandi fari inn á gos- og sprengisvæði.

Farið er í eftirlitsferðir hvorn morgun, og yfir daginn, til að kanna hvort einhverjar varnir hafi gefið sig og gert við lokanir þar sem þess kann að gerast þörf.

Áhættumatið gildir þar til nýtt áhættumat er gefið út.